

**Bréf fulltrúa Pírata, fulltrúa íbúasamtaka og fulltrúa foreldrafélaga í íbúaráði Vesturbæjar sent skipulagsfulltrúa 12. maí 2020**

Kæri skipulagsfulltúi,

Íbúaráð Vesturbæjar hefur ekki náð að ræða deiliskipulagstillöguna á fundi vegna samkomubanns. Eftirfarandi athugasemdir koma aðeins frá undirrituðum nefndarmönnum.

Við teljum að það komi vandi frá útfærslu í Mitt Hverfi þar sem íbúar fengu ekki möguleika til að kjósa á móti þeim tillögum sem þeir telja slæmar. Þar sem mjög skiptar skoðanir eru um staðsetningu á hundagerði við Vesturbæjarlaug er ekki hægt að sjá hlutfallslegan stuðning íbúa við þetta verkefni. Við teljum ekki rétt að setja hundagerði í framkvæmd fyrr en skoðanakönnun hefur sýnt fram á að meirihluti íbúa sé sáttur við hana.

Eðlilegt er að íbúar geti einnig haft skoðun á vali milli mismunandi svæða sem geta gengið undir hundagerði. Hugsanlega eru önnur svæði sem henta fólki og dýrum betur. Ef hundagerðið verður gert að veruleika þarna í óþökk meirihluta íbúa gæti einnig farið þannig að í næstu kosningum í Mitt Hverfi verði samþykkt tillaga um að breyta hundagerðinni í annað (t.d. grænt svæði). Það væri mjög slæmt ef verkefnið Mitt Hverfi færi út í slíkan slag milli íbúa.

Við leggjum því til að deiliskipulagstillagan af hundagerðinu verði lögð til hliðar um óákveðinn tíma þar til vilji íbúa hefur verið staðfestur.

Í ljósi þess að margir nýtingarmöguleikar eru á svæðinu í kringum Vesturbæjarlaug og að íbúar eru ekki sammála um hvað eigi að ganga fyrir, þá leggjum við til að gerðar verði nýjar tillögur af mismunandi útfærslum sem sýna notkun alls svæðisins með leiktækjum, gróðri og aðstöðu fyrir íbúa. Og að í framhaldi verði gerð skoðanakönnun sem sýni fram á að verkefnið sé með stuðning meirihluta íbúa áður en það verður sett í framkvæmd.

Virðingarfyllst,

Birgir Þ. Jóhannsson, formaður  
Ásta Olga Magnúsdóttir, varaformaður  
Björn Karlsson